

Reglugjörð

um kenslu og próf í bifvjelafræði við stýrimannaskólann í Reykjavík.

1. gr.

Til þess að gefa fiskimönnum, bátaformönnum og öðrum mönnum, sem stunda bifvjar, kost á að kynnast útbúnaði bifvjela, þössun þeirra og viðhaldi í skipum eða á landi, skal árlega haldið eitt námsskeið í stýrimannaskólanum, er stendur yfir minst 4 vikur, og skal forstöðumaður stýrimannaskólans auglýsa með minst 4ra vikna fyrirvara, hvenær kenslan eigi að byrja. Kenslan fer aðallega fram í fyrirlesturum 2 tíma í senn annanhvorn virkan dag. Hún endar með burtfararprófi, er nefnist hið íslenska bifvjelapróf.

2. gr.

Sá, sem óskar að ganga undir prófið, skal afhenda forstöðumanni stýrimannaskólans eiginhandar umsóknarskjal þess efnis, að honum verði leyft að ganga undir prófið. Það skal stílað til prófnefndarinnar, og því fylgja skírnavottorð. Enginn má ganga undir prófið yngri en 17 ára.

Hafi umsækjandi gengið áður undir bifvjelapróf, skal þess getið í umsóknarbrjefinu.

3. gr.

Prófið er munnlegt og verklegt. Það skal haldið opinberlega af prófnefnd; eru í henni vjelfræðiskennari stýrimannaskólans og 2 menn aðrir, sem stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti, annan þeirra sem oddvita nefndarinnar. Þeir tiltaka prófsverkefnið. Skulu þau skrifuð á seðla, tveimur fleiri en prófsveinar eru.

Prófsveinar skulu mæta á tilteknum degi og stundu á prófstaðnum, og hafa með sjer vinnuföt.

Hver prófsveinn dregur sínar munnlegu spurningar eftir sömu reglu og við vjelstjórprófið (sbr. 14. og 17. gr.)

4. gr.

Verklega prófið skal haldið við bifvjel í skipi eða á landi, eftir ákvæðum prófnefndar. Skal þar prófa þekkingu prófsveinsins í að setja bifvjelina á stað, skifta um gang hennar, í hirðingu og eftirliti bifvjela og áhalda þeirra.

Áður en verklega prófið byrjar skal prófsveinninn hafa haft eigi minna en eina klukkustund til að kynna sjer bifvjelina.

5. gr.

Við prófið skulu gefnar 3 einkunnir, sem sje:

1 einkunn fyrir úrlausn á samsetningu og vinnu bifvjela.

1 einkunn fyrir gangskiftingu og stjórn.

1 einkunn fyrir hirðingu, eftirlit og bætur á skemdum o. fl.

113

29. ágúst.

Fyrir svör á hverri spurningu skulu gefnar einkunnir eins og við vjela-
prófið (sbr. 20. gr.).

Hæsta aðaleinkunn við prófið er 21 stig. Til þess að standast prófið
þarf 9 stig.

6. gr.

Til hins íslenska bifvjelaprófs útheimtist:

Þekking á olium, sem brúkaðar eru í bifvjarlar, útliti þeirra, gæðum, með-
ferð og geymslu. Þekking á hinum algengustu bifvjelum, sem brúkaðar eru í
skipum eða á landi, útbúnaði þeirra, hirðingu, starfrækslu og stjórn. Þekking
á sundurliðun bifvjela, hreinsun þeirra og samsetningu. Þekking á að lagfæra
þá galla á bifvjelum, sem orsakast af brúkun og sliti. Þekking á algengustu bil-
unum bifvjela, áhöldum þeirra og endurbótum.

7. gr.

Hver prófsveinn, er staðist hefir prófið, fær vottorð um það að afloknu
prófi; skal það samið á íslensku og sniðið eftir þessari fyrirmynd:

N. N. (fult nafn)

fæddur (fæðingar- staður, -dagur og -ár).

hefir staðist

hið íslenska bifvjelapróf,

en til þess útheimtist:

(hjer skal talið það, sem útheimtist samkvæmt 6. gr. í þessari reglugjörð)
og hlotið aðaleinkunnina

Reykjavík, árið

N. N. N. N. N. N.

(undirskrift prófnefndarinnar).

Hæsta aðaleinkunn er 21 stig. Lægsta aðaleinkunn er 9 stig.

8. gr.

Nöfn þeirra, sem undir prófið ganga, skal rita í prófbók, sem stjórnarráðið
lögildir og geymir milli prófa. Í bók þessari skal skýrt frá fullu nafni hvers
eins, fæðingar- stað, -degi og -ári og einkunnum þeim og aðaleinkunn, sem gefin
var við prófið. Bókin skal færð og undirrituð af prófnefndinni. Samrit af próf-
bókinni skal jafnan vera í stýrimannaskólanum.

Í stjórnarráði Íslands, 29. ágúst 1912.

H. Hafstein.

Eggert Briem.